

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og
auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

fyrir kl. 15:00. 😊

ATH!
Verð á auglýsingum
frá og með 10 janúar 2016

Verð hálsíðu er. kr.3.200.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is—895-3386



ATH!

Næsta Hlaupastelpan kemur út
Miðvikudaginn 23. mars.

Auglýsingum þarf því að skila í
síðasta lagi mánudaginn 21. mars ,
fyrir kl. 16:00

Þingeyingar, ferðafólk,

*Munið hina árlegu
páskatónleika Músík í Mývatnssveit*

Á skírdag 24. mars 2016 kl. 20:00 tónleikar í Skjólbrekku.
Tónlist eftir m.a. Dvorák, Khachaturian og Menotti.

Á föstudaginn langa 25. mars 2016 kl. 21:00 í Reykjahlíðarkirkju.
Tónlist eftir m.a. Bach, Händel, Gluck og Mozart.

Flytjendur:

Sesselja Kristjánsdóttir	mezzosópran
Trio Síra Jón:	
Laufey Sigurðardóttir	fiðla
Einar Jóhannesson	klarinet
Anna Áslaug Ragnarsdóttir	píanó
Aladár Rác	píanó
Karлакórinn Hreimur ásamt stjóndanda Steinþóri Þráinssyni.	

Miðasala við innganginn.
Músík í Mývatnssveit



Sunnudagaskóli Grenjaðarstað

Sunnudagaskóli verður á Grenjaðarstað
næstkomandi sunnudag 20. mars klukkan 11:00.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



Námskeið um notkun varnarefna í landbúnaði og garðyrkju

Í samstarfi við Umhverfisstofu og Stofnun Væðingaraðila

Notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörur vegna notkunar í landbúnaði.

Hefst 6. apríl hjá Lbhl á Reykjum

Æðarrækt og æðardúnn

Í samstarfi við RMM og Almannatölu- og tölfræðistofu

Fyrir þá sem vilja öðlast réttindi eða viðhalda réttindum sem dúnmatsmenn.

Haldið 8. apríl hjá Lbhl í Reykjavík

Jarðræktarforritið Jörð.is

Í samstarfi við Ráðgjafarstofu Landbúnaðarinnar

Hvernig hægt er að nýta sér vefforritið til að halda utan um jarðræktarsögu búans.

Haldið 7. apríl á Norðausturlandi

Haldið 8. apríl á Þórshöfn

Haldið 9. apríl á Akureyri

Trjáfellingar og grisjun með keðjusög

Hvaða tré á að fella, hvernig á að grisja skóg og hvernig er öruggast að fella tré?

Hefst 5. apríl hjá Lbhl á Reykjum



www.lbhl.is/namskeid • endurmenntun@lbhl.is • 433 5000



Skrifstofa Þingeyjarsveitar auglýsir

Laust er til umsóknar starf við heimaþjónustu aldraðra frá 1.maí. Um er að ræða starfssvæði vestan Fljótsheiðar og í Aðaldal.

Upplýsingar um störfin veitir :
Elfa B. Kristjánsdóttir verkefnastjóri öldrunarmála
sími 464-3322.



Kynning á tillögu að deiliskipulagi í Miðhvammi í Aðaldal

Skipulags- og byggingarfulltrúi verður með opið hús í Kjarna fimmtudaginn 17.mars n.k. kl. 14:00-16:00 þar sem hann mun kynna fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum sem þess óska tillögu að deiliskipulagi vegna uppbyggingar á gistirekstri á jörðinni Miðhvammi sem aukastarfsemi með landbúnaði. Gert er ráð fyrir gistirekstri í tveimur smáhýsum á heilsársgrundvelli. Skipulagssvæðið nær yfir spildu á milli Hvammavegar (853) og núverandi bygginga í Miðhvammi. Svæðið afmarkast af trjábelti til norðurs, helgunarsvæði Hvammsvegar til austurs og aðkomuvegi að núverandi byggingum til suðurs og vesturs. Stærð skipulagssvæðisins er um 1,0 ha.

Tillagan, sem kynnt verður skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verður einnig aðgengileg á heimasíðu

Þingeyjarsveitar <http://thingeyjarsveit.is> undir:

Skipulagsmál/ Deiliskipulag/Tillögur í kynningu. Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Bjarni Reykjafn,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar

Páskadagskrá í Laufásprestakalli:



Pálmasunnudagur 20. mars.

Páskasunnudagaskóli í Svalbarðskirkju kl. 11 og í
Grenivíkurkirkju kl. 13. Páskaeggjaleit!!

Föstudagurinn langi 25. mars.

Föstuganga í Laufás.

Frá Svalbarðskirkju kl. 11

Frá Végeirsstöðum í Fnjóskadal kl. 11

Frá Grenivíkurkirkju kl. 12

Björgunarsveitir á vaktinni.

Súpa við komu í Laufási gegn vægu gjaldi.

Tónleikar í boði í Laufáskirkju kl. 14.30. Snorri

Guðvarðsson og Krossbandið.

Páskadagur 27. mars

Hátíðarguðspjónusta í Grenivíkurkirkju kl. 8 með fermingu.

Hátíðarguðspjónusta í Svalbarðskirkju kl. 11

Hátíðarguðspjónusta í Þorgeirskirkju kl. 14

Hátíðarguðspjónusta í Lundarbrekkukirkju kl. 16

Hátíðarguðspjónusta í Hálskirkju kl. 20

Guð gefi ykkur öllum gleðilega páskahátíð! Kristur er
upprisinn, Kristur er sannarlega upprisinn!!

Óska eftir að kaupa fullorðnar ær næsta
haust, á milli Skjálfandaflijóts að vestan og
Eyjafjarðarár að austan. Áhugasamir hafi
samband við Jónas í síma 865-1379

ADALFUNDUR FEBÞ 2016

Aðalfundur félags eldri borgara Þingeyjarsveit
verður haldinn mánudaginn 21 mars í Dalakofanum
venjuleg aðalfundarstörf sjáumst sem flest
stjórnin



Dansæfing



Dansæfing verður í Ljósvefningabúð
föstudagskvöldið 18. mars
frá kl.20:30-22:30.
Allir hjartanlega velkomnir
Miðaverði 1000 kr

Stjórnin

5. liður fundargerðar; Kasthvammur í Laxárdal, umsókn um heimild til landskipta.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna landskiptanna eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

6. liður fundargerðar; Hafralækjarskóli lóð, umsókn um heimild til lóðastækkunar og nafnbreytingu.

Sveitarstjórn samþykkir nafnið Ásgarður sem og erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna stækkunar lóðarinnar eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

2. Nýtt rekstrarleyfi – Vestmannsvatn, Guesthouse

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 3. mars s.l. þar sem Guðmundur Ágúst Jónsson sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitingu veitinga að Vestmannsvatni í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

3. Nýtt rekstrarleyfi – Vallakot, Guesthouse

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 7. mars s.l. þar sem Jóhanna Magnea Stefánsdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistingar í Vallakoti í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

Til kynningar:

- a. Fundargerðir 835. og 836. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:25

Arnór Benónýsson
Eiður Jónsson
Heiða Guðmundsdóttir
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Margrét Bjarnadóttir
Árni Pétur Hilmarsson
Ragnar Bjarnason

NÝ VETRAR AFBREYING Á NORÐURLANDI.

North Aurora Baths í samvinnu við Þingeyjarsveit bjóða ykkur á kynningaropnun norðurlósabaðanna á Laugum 18. - 21. mars.

Opn er frá kl 22.00 - 01.00 öll fögur kvöldin.

Boðið er uppá heitt lífrænt kaka, kaffi og te,
sem og baðslappa og float búnað.



Boðin opna formlega 1. september og verða opin öll kvöld vikunnar.





**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
10.03.2016**

**187. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 10. mars kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar 03.03.2016
2. Nýtt rekstrarleyfi – Vestmannsvatn, Guesthouse
3. Nýtt rekstrarleyfi – Vallakot, Guesthouse

1.Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 03.03.2016

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 03. mars s.l.

Hlynur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 7 liðum.

2. liður fundargerðar; Lundarbrekka, umsókn um heimild til landskipta.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna landskiptanna eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

3. liður fundargerðar; Reykir 2 í Fnjóskadal, umsókn um heimild til landskipta.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna landskiptanna eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

4. liður fundargerðar; Árhvammur í Laxárdal, umsókn um heimild til landskipta.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna landskiptanna eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.



**Styrkir til lista- og menningarstarfs og
íþróttar og æskulýðsstarfs**

Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2016. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar.

Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **13. apríl n.k.**

Styrkir til íþróttar- og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttar- og æskulýðsstarfs á árinu 2016. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar.

Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **13. apríl n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2015 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd
Þingeyjarsveitar

Barna og unglingamót í skák.

Skákþing Hugins fyrir 16 ára og yngri (börn og unglingar fædd árið 2000 eða síðar) verður haldið laugardaginn 19. mars í Framsýnarsalnum að Garðarsbraut 26 á Húsavík. Mótið hefst kl 14:00 og stendur til kl 16:30. Tefldar verða 7 umferðir eftir monrad-kerfi með 10 mín umhugsunartíma á keppanda. Mótið er opið öllum börnum og unglingum í Þingeyjarsýslu (félagssvæði HSP).

Verðlaun verða veitt í tveimur aldursflokkum.

-keppendur fæddir 2000-2004 (6-10 bekkur)

-keppendur fæddir 2005 eða síðar (5. bekkur og yngri)

Allir keppendur fá páskaegg í þátttökuverðlaun, en þrír efstu í báðum flokkum fá sérverðlaun og sigurvegarinn farandbikar. Þátttökugjald er krónur 1.000 á hvern keppanda.

Skráning í mótið er hjá Hermanni í síma 8213187 eða 4643187.

Einnig er hægt að senda póst á lyngbrekku@simnet.is. (skrá þarf fullt nafn og fæðingarár)

Skráningu lýkur kl 12:00 á mótisdegi. Æskilegt er að foreldri eða forráðamaður fylgi yngstu keppendunum.

Skákfélagið Huginn.

II. tbl.
17. mars
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Aðalfundur H.M.H. og Goðafossmarkaðar

Verða haldnir
19, mars 2016 kl.11.00.
í Safnaðarheimili Þorgeirskirkju
Allar konur koma með eitthvað með sér á hlaðborð.

Framtíð Goðafossmarkaðar rædd.
vonum að konur mæti vel með jákvæðu hugarfari

Stjórnirnar